

Reykhóladagar 2011

4. til 7. ágúst

Fimmtudagur 4. ágúst

Reykhóladagar 2011 byrja með skemmtilegu bíói að hætti Barðstrendinga. Ólafur A. Gíslason úr Skáleyjum leiðir gesti í gegnum tvær kvikmyndir, teknar 1959 og 1967, sem sýna lífið í eyjunum og hvernig ýmis verk voru unnin. Bíóið verður á Bata- og hlunnindasýningunni. Húsið opnað **kl. 19.30**. Bíóið hefst **kl. 20.30** og kostar 500 krónur inn. Aðgangseyririnn rennur óskiptur til Barðstrendingafélagsins til þess að talsetja myndina.

Föstudagur 5. ágúst

Frítt verður inn á Bata- og hlunnindasýninguna allan daginn. Styrktarbaukar á staðnum fyrir góð málefni í sveitinni ef fólk vill láta eitthvað af hendi rakna. Tilboð á byggðarkönnuninni úr Flatey og bátaspilunum. Myndlistarsýning frá krökkunum í sveitinni á staðnum.

Kl. 10-12 Heimalningar og hestar í heimsókn hjá Bata- og hlunnindasýningunni. Teymt verður undir krökkum frítt en sparibaukur á staðnum fyrir þá sem vilja styrkja Vínafélag Grettislaugar.

Kl. 11 Ratleikir inni á sýningunni, 2-3 saman í liði. Krakkar koma og skrá sig hjá Hörpu.

Kl. 12-13 Súpuboð. Bata- og hlunnindasýningin býður upp á sjávarréttasúpu án sjávarréttar.

Kl. 14 Kassabílakeppni. Skráning hjá Hörpu í síma 894 1011 eða á info@reykholar.is.

Kl. 16 Söngkeppni í íþróttahúsinu. Skráning hjá Hörpu í síma 894 1011 eða á info@reykholar.is. Krakkar eru beðnir að skrá sig sem fyrst þar sem æfingar verða í boði fyrr í vikunni. Spilað verður undir á gítar.

Kl. 18 Tendrað í grillunum í Hvanngarðabrekkunni (Kvennó). Allir koma með sína rollu á grillið.

Kl. 20 Spurningakeppni Reykhólahrepps verður í íþróttahúsinu þar sem öllum er boðið að skrá lið. Þrír þurfa að vera í liði. Skráning er hjá Hörpu í síma 894 1011 eða á info@reykholar.is. Spurningahöfundur er Gauti Eiríksson frá Stað og aðstoðarkona hans engin önnur en Elína Hrund, presturinn á staðnum. Egill „Bergmann“ verður spyrill.

Laugardagur 6. ágúst

Kl. 8 Sigling út í Flatey. Lagt af stað kl. 8 svo að fólk er beðið að mæta fyrr. Messað verður í Flatey og byrjar messan kl. 10. Báturinn fer aftur frá Flatey kl. 11. Verðinu er haldið niðri og kostar aðeins kr. 3.500 fyrir 16 ára og eldri, kr. 2.000 fyrir 12-15 ára, kr. 1.500 fyrir 6-12 ára og frítt er fyrir þau yngstu í fylgd fullorðinna. Takmarkaður sætafjöldi svo að skráning er nauðsynleg í síma 894 1011 eða á info@reykholar.is. Þörungaverksmiðjan styrkir ferðina út í Flatey að stórum hluta. Frábært að skella sér og skoða þessa fallegu eyju.

Kl. 13-16 Grænmeti og góðmeti í Ólafsdal við Gilsfjörð. Námskeið um ræktun og nýtingu grænmetis. Gjald kr. 6.500 fyrir fullorðna og kr. 1.000 fyrir börn. Skráning á olafsdalur@gmail.is. Nánari upplýsingar í síma 896 1930.

Kl. 10-18 Bata- og hlunnindasýningin opin og frítt inn. Styrktarbaukar á staðnum ef fólk hefur áhuga á að styrkja góð málefni í sveitinni. Tilboð verða á byggðarkönnuninni úr Flatey og bátaspilunum. Myndlistarsýning frá krökkunum í sveitinni á staðnum.

Kl. 12-17 Tumi bóndi á Reykhólum og Þorvaldur úr Hvallátrum sýna fólki hvernig á að verka sel og vinna fugla fyrir uppstoppun. Einnig verður selasmakk. Strákarnir byrja um morguninn að gera klárt og fólki er velkomið að kíkja við fyrir ef það vill. Þetta verður í stóru skemmunni hjá Mávatúni.

Kl. 12-13 Nokkrir íbúar Reykhólahrepps bjóða í súpu og annað góðgæti: Áslaug Guttormsdóttir á Mávavatni og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir á Litlu-Grund og síðan verða Björk Stefánsdóttir og Íris Ósk Sigþórsdóttir með súpu milli húsanna hjá sér við Hellisbraut (nr. 44 og 48). SjávarSmiðjan verður með smakk á nytjum sjávarins. Bata- og hlunnindasýningin verður með sjávarréttasúpu án sjávarréttar. Húsin verða merkt með bláum blöðrum til að auðvelda leitina að súpunni.

Kl. 13-16 Steinar og Sirrý í Álftalandi bjóða í heilgrillað lamb.

Kl. 13-17 Sveitamarkaður hjá SjávarSmiðjunni þar sem allir ættu að finna eitthvað bæði gott og skemmtilegt. Sem dæmi verða Erpsstaðir með ís og annað góðgæti, Hvanngarðar með tómata og Reykskemman með reyktar vörur. Lífandi tónlist á staðnum hluta úr degi.

Kl. 13.30 Hin árlega dráttarvélakeppni verður að venju við Bata- og hlunnindasýninguna þar sem gamalreyndar dráttarvélar og þroskaðir ökumenn sýna leikni sína. Dráttarvélar og knapar verða að vera 25 ára eða eldri. Grundarbræður munu mæta með keppnisdráttarvélinar og sjá um að allt fari vel fram. Skráning á staðnum.

Kl. 14-16.30 Vöfllusala Kvenfélagsins í íþróttahúsinu. Einnig verður Afturelding með sjoppu. Hið skemmtilega svampakast Vínafélags Grettislaugar verður á staðnum sem og hoppukastalarnir.

Kl. 15 Karl- og kvenskörungaleikar þar sem karl og kona þurfa að vera saman í liði og leysa skemmtilegar þrautir eins og þarahlaup, rokhlaup og fleira. Skráning á info@reykholar.is, í síma 894 1011 og á staðnum.

Kl. 16.30 Reyndar dráttarvélar fara á rúntinn um Reykhóla.

Kl. 17 Pulsuþartý fyrir krakkana með Erni Árnasyni í Kvennó, á sama stað og leikarnir fyrir um daginn. Krakkar eru hvattir til að mæta í þemalítim þeirra svæðis.

Kl. 19 Íþróttahúsið opnað fyrir kvöldverð. Bjarkalundur sér um matinn af sinni alkunnu snilld. Aldurstakmark 16 ára og eldri. Örn Árna sér um veislustjórn. Leikfélagið Skrugga sér um skemmtiatriði og heimamenn verða með tónlistatriði. Verð kr. 4.000. Hægt er að panta miða í síma 894 1011 og á info@reykholar.is. Einnig er hægt að ná í miðana á upplýsingamiðstöðina frá 3. ágúst. Takmarkaður sætafjöldi. Miðinn gildir líka á ballið með Þórunni og Halla.

Kl. 23-03.30 Dansleikur fyrir 16 ára og eldri. Dúóið Þórunn og Halli frá Ísafirði spilar og syngur fyrir dansi. Gömlu dansarnir teknir sem og Evróvisjónsveifla og meira með. Miðaverð kr. 1.000.

Sunnudagur 7. ágúst

Ólafsdalshátíðin í Ólafsdal við Gilsfjörð þar sem meðal annars verður Leikhópurinn Lotta, Vigdís Finnbogadóttir mun flytja ávarp og grænmetis- og handverksmarkaður verður á staðnum. Margt fleira er á dagskránni sem má finna á www.olafsdalur.is.

Kl. 10-18 Bata- og hlunnindasýningin verður opin og frítt inn. Styrktarbaukar á staðnum ef fólk vill styrkja góð málefni í sveitinni. Tilboð á byggðarkönnuninni úr Flatey og bátaspilunum. Myndlistarsýning frá krökkunum í sveitinni á staðnum.

Kl. 13-18 Handverks-, nytja- og bókamarkaður opinn í gamla Kaupfélaginu í Króksfjarðarnesi.

Hlökkum til að sjá þig!